

Sp.

27. Tillaga til þingsályktunar

[27. mál]

um dráttarbraut á Seyðisfirði.

Flm.: Björgvin Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera nákvæma áætlun um kostnað við byggingu dráttarbrautar á Seyðisfirði fyrir allt að 2000 rúmlesta skip.

Kostnaður við gerð áætlunar þessarar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Fjórðungsþing Austfirðinga og fjórðungssamtök útgerðarmanna á Austurlandi hafa á undanförunum fundum sínum gert ályktanir um nauðsyn á byggingu stórrar dráttarbrautar í fjórðungnum. Hafa samtök þessi bent á Seyðisfjörð sem líklegasta staðinn á Austurlandi til þessarar starfrækslu.

Á undanförunum árum hefur fiskveiðifloti Austfirðinga vaxið mjög að skipatölu og rúmlestafjölda. T. d. má nefna, að í lok þessa árs verða gerð út frá Austurlandi 5 botnvörpuskip, og fyrirsjáanlegt er, að með aðgerðum núverandi hæstv. ríkisstjórnar mun floti þessi aukast að mun á næstu árum. Aðstaða er hins vegar engin til viðgerða á þessum skipum. Við svo búið má ekki standa. Að auki kemur svo hitt, að rökstudd víska er fyrir því, að smíði stálskipa mun á næstu árum færast að miklu leyti inn í landið.

Ein styrkasta stoðin, sem rennur undir jafnvægi í byggð landsins, er dreifing þungaiðnaðarins. Tillaga þessi er flutt í trausti þess, að hæstv. Alþingi og ríkisstjórn skilji nauðsyn þess, að viðhald og nýsmíði hinna stærri skipa verði ekki einskorðuð við Reykjavík.

Í lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, er að vísu gert ráð fyrir styrk úr ríkissjóði og ríkisábyrgð fyrir lánnum til byggingar slíkra mannvirkja. Hins vegar verður að líta svo á, að hér sé fyrst og fremst um að ræða hagsmunamál heils landsfjórðungs, og þykir því rétt að fela ríkisstjórninni að láta gera nákvæma áætlun um kostnað við slíkt mannvirki.

Nánari grein mun verða gerð fyrir tillögu þessari í framsögu.